**Ed. 397. Breytingartillaga [137. mál]**

við frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá Eyjólfi K. Jónssyni og Hannesi Baldvinssyni.

2. mgr. 1. gr. orðist þannig:

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og annarra rafveitna, sem við sambærilegan fjárhags- og orkuöflunarvanda eiga að etja, samkvæmt ákvörðun ráðherra orkumála hverju sinni. Hækkun gjaldsins um 6% skal varið til að ná fram verðjöfnun á töxtum til heimilisnotkunar og iðnaðar hjá þessum aðilum. Sá hluti verðjöfnunargjaldsins, sem sameiginlega kemur í hlut Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubúsins, skiptist milli þeirra, þannig að Rafmagnsveiturnar fái 80%, en Orkubúið 20%.